

## 117.fundur skólanefndar 14.desember 2011 kl.17:00 í Leiksskóla Stykkishólms.

Mættir: Arna Sædal Andrésdóttir, formaður foreldrafélags leikskóla, Guðbrandur Gunnar Garðarsson fyrir foreldrafélag grunnskólans, Elín Pálsdóttir fulltrúi leikskólakennara, Hrefna Frímansdóttir fulltrúi, Hrafnhildur Hallvarðsdóttir formaður, Einar Gunnarson fulltrúi kennara grunnskólans, Áslaug Kristjánsdóttir fulltrúi, Gunnar Svanlaugsson skólastjóri grunnskólans, Sigrún Þórsteinsdóttir skólastjóri leikskólans og Haukur Garðarsson fulltrúi.

Formaður setti fund klukkan 17:06.

### 1. Skólastjóri Grunnskóla Stykkishólms

#### a. Skýrsla skólastjóra

Farið yfir desemberpunkta GSS 2011. Mikil starfsemi í skólanum í desember, sungið í sal, helgileikur, litlu jól og fleira. Mikilvægt að brjóta svolítið upp skólahaldið á aðventunni. Opinn skóli var 9.des þar sem að fólk heimsótti skólann og fór í stofur og gat kynnt sér bekkjarsáttmála og uppeldi til ábyrgðar.

#### b. Breyting á starfsmannahaldi

Unnur María Rafnsdóttir hættir störfum sem ritari, í staðinn hefur Unnur Erna Óskarsdóttir verið ráðin og byrjarhún frá og með áramótum. Margir komu að ráðningu í ritara skólans sem er mjög mikilvæg staða. Sigrún Ársælsdóttir er að fara í leyfi til loka skólaárs. Jóhanna María Ríkharðsdóttir tekur við af henni og staða Jóhönnu var auglýst. Ellen Alfa Högnadóttir var ráðin í þá stöðu

#### c. Útkoma úr samræmdum prófum í 4., 7. og 10.bekk

Skemmst er frá því að segja að 10 bekkur kom vel út. Einkunnir í íslensku og stærðfræði voru yfir eða rétt við meðaltal en í ensku nokkuð lægri. Árangur í 7.bekk var betri en í fyrra en samt nokkuð undir meðallagi. 4.bekkur var undir markmiðum skólans en kom þó betur út en í fyrra.

Skoðuð voru gögn um niðurstöður samræmdra prófa.

#### d. Viðbrögð við niðurstöðum úr samræmdum prófum

Kennarar og stjórnendur hafa rætt saman og reynt að greina hvernig stendur á lakari árangri síðustu árin í 4. og 7. bekk. og hvar og hvernig megi gera betur.

Í kjölfar á niðurstöðum úr samræmdum prófum voru allir nemendur 4. bekkjar teknir í skimun í íslensku með LOGOS kerfi. Glærur um LOGOS kerfið gekk á milli fundarmanna.

Vinna við endurskoðun námskrár í íslensku er farin af stað og á að vera lokið á þessu skólaári. Þar verður hugað að skipulagi námsins og kennsluaðferðum.

Einar tekur til máls varðandi form, áherslur og breytingar á stærðfræði kennslu GSS. Verið er að fá stærðfræðina út úr því að vera bara reikningur. Einar heldur reglulega fundi með kennurum um hvernig best er að breyta þessu. Einu sinni í viku eru þrautalausnir í bekkjum. Einnig er áhersla á að nota hugareikning. Strax eftir áramót er stefnt að því að reyna að skima stærðfræði og sjá hvernig hópurinn stæði tölulega séð og miðla upplýsingum til foreldra. Mikilvægasti pósturinn í þessu máli eru heimilin og bæjaryfirvöld

e. Úttekt á Grunnskólanum

Grunnskóli Stykkishólms fer í úttekt þar sem Stykkishólmsbær fékk boð um þátttöku í tilraunaverkefni um ytra mat á grunnskólum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Tveir ytri aðilar koma og gera úttektina.

f. Foreldraviðtöl

Nýlokin foreldraviðtöl komu mjög vel út og er mikilvægur þáttur í að bæta kennslu.

Almennar umræður um samræmd próf og kennsluaðferðir.

Borin upp spurning um hvort hafi komið einhverja ábendingar eða athugasemdir um þátttöku barna í helgileik og kirkjuheimsóknum í skólanum. Engar athugasemdir hafa borist.

## 2. Skólastjóri Leikskóla Stykkishólms

a. Skýrsla leikskólastjóra

Verið að undirbúa jólin með hefðbundnum hætti. Helgileikur er stór hluti af jólahefðinni og verður leikinn 15. desember. Foreldrar koma og horfa á börnin í helgileiknum. Svo fara foreldrar og eftir það er dansað í kringum jólatré.

b. Úttekt á Leikskólanum

Drög að skýrslu um úttektina kom í dag (rétt fyrir fund). Engir stórvægilegir þættir. Helst þarf að bæta innra mat og úrvinnslu úr því. Hefur alltaf verið skortur á einhverjum staðli. Sigrún og Hrafnhildur fóru á fyrirlestu um innra mat í haust hjá Íslenska matsfræðifélaginu þar sem farið var yfir leiðbeiningar um innra mat. Einnig komu ábendingar í skýrslu og verður farið í að vinna úr þessu og er stefnt að því að gera könnun á meðal foreldra fljótlega. Vanda þarf mjög spurningar í svona könnun.

c. Námsferð starfsmanna leikskóla til Gautaborgar

Námsferð hefur verið frestað. Boðið hefur verið upp á tveggja daga námskeið „Leiðir til að efla félagsfærni barna“ sem væri freistandi að taka í staðinn fyrir námsferð og láta alla starfsmenn taka það. Anna Lind er tilbúin að koma með námskeiðið 7.-8. júní í Stykkishólmi

og er því óskað er eftir heimild til að breyta skóladagatali, þ.e. að fresta starfsdögum 18.-20. apríl. Heimild gefin með öllum greiddum atkvæðum. Sigrún lætur foreldra vita um leið og námskeið hefur verið staðfest.

d. Skóladagatal 2012-2013

Mikill áhugi er hjá starfsmönnum leikskóla á að fara í námsferð til Glasgow 2012-2013. Farið verður í að skoða hvað er í boði og staðsetja þetta inn í skóladagatali fyrir næsta ár

e. Endurmenntun

Fjörug umæða um endurmenntun grunn- og leikskólakennara.

### 3. Önnur mál

a. Skólapúlsinn

Skólapúlsinn er íslenskt afbrigði af skólavoginni og er notað víða við innra mat og virðist vera almenn ánægja með þessa lausn. Mikilvægt er að skoða þessi kerfi og kostnað sem þeim fylgir. Einnig er mikilvægt við val á kerfi að velja kerfi sem er í almennri notkun svo að tölfræði úr kerfinu sé gagnleg og vel samanburðarhæf. Formaður sendir nefndarmönnum gögn til að kynna sér málið og verður málið tekið fyrir á næsta fundi.

b. Fundur með kennurum.

Stefnt er að því að skólanefnd fundi með kennurum bæði grunnskóla og leikskóla á næstunni.

c. Kjarasamningur kennara

Inn í kjarasamningi kennara frá því í vor var ákvæði um vinnu kennara og samninganefndar sveitarfélaga (SNS) um breytingar á textagerðina í kjarasamningum. Í framhaldi af því voru stofnaðar nefndir til að vinna í málinu. Lítið sem ekkert virðist hafa gerst í þessum málum og stefnt er að leggja kjarasamninga til atkvæðagreiðslu eftir um 1,5 mánuð. Margir kennarar undirrituðu kjarasamning síðast út af þessu skilyrði og því mjög mikilvægt að þessu sé sinnt og verði tilbúið fyrir næstu kjarasamninga.

Næsti fundur verður 11. Janúar með fyrirvara ef það verður fundur með kennurum grunnskólans.

Fundargerð lesin upp.

Fundi slitið klukkan 19:09.

Fundargerð ritaði Haukur Garðarsson

Hrafnhildur Hallvarðsdóttir formaður (sign),

Hrefna Frímansdóttir (sign),

Haukur Garðarsson (sign),

Gunnar Svanlaugsson skólastjóri grunnskólans (sign),  
Sigrún Þórsteinsdóttir skólastjóri leiksskólans (sign),  
Elín Guðrún Pálsdóttir fulltrúi kennara í leiksskólanum (sign),  
Einar Gunnarsson fulltrúi kennara í grunnskólanum (sign),  
Guðbrandur Gunnar Garðarsson (sign),  
Áslaug Kristjánsdóttir (sign),  
Arna Sædal Andrésdóttir fulltrúi foreldra í leiksskólanum (sign).